

Sp. 419. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning löggjafar eða annarra ráðstafana til þess að koma í veg fyrir skattsvik.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa nú þegar löggjöf í því skyni að koma í veg fyrir skattsvik eða gera aðrar ráðstafanir, er að gagni mega koma í því efni.

Greinargerð.

Það er fullyrt af mörgum, að skattsvik eigi sér stað í stórum stíl hér á landi. Ef það er rétt, ber brýna nauðsyn til að koma í veg fyrir slíkt. Það er almennt talað um háa skatta, sem öft eru mjög tilfinnanlegir hjá þeim, sem samvirkusamlega telja fram. Skattsvik — ef þau eiga sér stað — eru þess eðlis, að vítavert má teljast. Skattsvikarar skjóta sér undan réttmætum skyldum, sem þeim ber að inna af höndum fyrir þjóðfélagið. Þeir stuðla að því, að byrðarnar verði um of þungar á meðborgurunum. Þeir koma í veg fyrir það, að nauðsynlegar framfarir eigi sér stað í þjóðfélaginu með því að halda fyrir ríkissjóði fjármunum, sem nota ber í þarfir alþjóðar. Skattsvik verður því að útiloka í þjóðfélagi, sem ætlar að byggja stjórnarfar sitt á lýðræði og réttlæti. Skattsvikin leiða spillingu yfir þjóðina, viðhalda óréttlæti, óheilindum og þróa hugarfar, sem ekki samrýmist þegnskap né þjóðhollustu.